

Verkefnamappan

Þetta eru þau atrið sem ég (kennari) vil gjarnan sjá í verkefnamöppunni ykkar.

Forsíða / Titill: Heiti verkefnis skal skrá með stórum stöfum, en dagsetning, nafn/nöfn höfunda, bekkjardeild og nafn skóla með venjulegu letri. Persónuleg mynd sakar ekki.

Efnisyfirlit: Það sýnir hvernig verkefnamöppunni er skipt í kafla eða verkefni og hvernig það raðast.

Hverju verkefni skal síðan fylgja:

Inngangur: Efni og tilgangur settur fram í örfáum orðum. Stuttur fræðilegur texti um efnislegt innihald verkefnisins.

Framkvæmdalýsing: Stutt lýsing á aðferðum við verkefnið, skýringarmyndir. Stutt lýsing tækja sem notuð voru. Taka bæði fram vettvang úti og inni..

Úrvinnslukafli: Niðurstöður skoðana og mælinga. Hér koma öll verkefnablöðin í þeirri röð sem ykkur finnst henta verkefninu, oftast er það tímaröð á því hvenær þau voru gerð en getur einnig farið eftir smekk.

Umræða: Stuttur texti um niðurstöður. Í verkefninu um urriðann koma hér t.d. glærurnar eða textinn af þeim.

Lokaorð. Lokaorð skrifar hver nemandi fyrir sig. Hér getur hann komið með eigin athugasemdir, bæðu um framkvæmd og gang verkefnisins. Einnig skal aftast í hverju verkefni fylgja sjálfsmat, hópamat og jafningjamat.